


# Farsældarþjónusta MÍ

Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ná til barna og ungmenna upp að 18 ára aldri, eftir það á beiðni um samþættingu þjónustu ekki lengur við. Þegar einstaklingur hefur náð 18 ára aldri hefur tengiliður farsældar ekki lengur umboð í krafti farsældarlaganna til að vinna og miðla upplýsingum á milli kerfa. Að þessu sögðu er mikilvægt er að huga að og skipuleggja þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri í samráði við þá með velferð þeirra og farsæld í huga.

Framhaldsskólinn er 1. stigs þjónustuveitandi Tengiliður farsældar við Menntaskólann á Ísafirði er Erna Sigrún Jónsdóttir, námsráðgjafi erna@misa.is

**Hér er að finna helstu úrræði nemendaþjónustu Menntaskólans á Ísafirði sem ætluð eru til að koma til móts við þarfir nemenda skólans. Þeim er stigskipt eftir umfangi og þörfum nemenda. Bæði er greint frá úrræðum innanhúss sem utanhúss.**

## Kortlagning á þjónustu á 1. stigi – úrræðalisti MÍ

- **Jafnréttisáætlun** STE-0017 | Jafnréttisáætlun | QM
- **Forvarnarstefna** STE-0039 | Forvarnarstefna | QM
- **Stefna um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreini, kynbundinni áreitni og ofbeldi**
  STE-0026 | Stefna Menntaskólans á Ísafirði um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi | QM
- **Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku**
  STE-0036 | Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku | QM (ccq.cloud)
- **Móttökuáætlun nýnema og nýnema með sérþarfir**
  STE-0037 | Móttökuáætlun nýnema og nýnema með sérþarfir | QM (ccq.cloud)
- **Móttökuáætlun nýnema á starfsbraut**
  STE-0038 | Móttökuáætlun nýnema á starfsbraut | QM (ccq.cloud)
- **Umsjónarkennari nýnema á 1. önn og lengur eftir þörfum**
- **Umsjónarkennari nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eftir þörfum**
- **Vinnustofur/stuðningur við heimám fjórum sinnum í viku fyrir alla nemendur**
- **Íslenskubraut fyrir nemendur með lítinn eða engan íslenskugrunn**
- **ÍSAN-(íslenska sem annað tungumál) áfangar fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn**
- **Íslenskuver fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og aðra nemendur eftir þörfum**
- **Áfangi sem stuðlar að aðlögun nýnema að nýju skólastigi (NÁSS1NN03)**
- **Þjónusta náms- og starfsráðgjafa alla virka daga (tengiliður farsældar)**
- **Þjónusta skólahjúkrunarfræðings einu sinni í viku á skólatíma og eftir þörfum**
- **Tilvísanir í frekari þjónustu vegna líðan í geðheilsuteymi barna á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**
- **Þjónusta þroskaþjálfa og sérkennara**
- **Tilvísun í sértæka námsaðstoð í vinnustofu**
- **Teymisfundir**
- **Sértækur stuðningur við nemendur með námsörðugleika, varðandi próftöku og fleira.**
- **Sértæk fræðsla í umsjón náms- og starfsráðgjafa eða hjúkrunarfræðings**
- **Ábendingahnappar á heimasíðu skólans vegna eineltis, kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis**
- **Bókasafn og tölvumál - aðstoð eftir þörfum**

Listinn er ekki tæmandi og getur breyst eftir aðstæðum

# Stigskipt nemendaþjónusta í MÍ

**Helstu úrræði nemendaþjónustu MÍ í stuðningi við nemendur. Úrræðum er stigskipt eftir umfangi og þörfum nemenda og bæði greint frá úrræðum innanhúss og utan. Úrræðin eru sniðin að lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**

## 1 Farsældarþjónusta - 1. stig

| Skilgreining | Nemendaþjónusta | Skólaumhverfi | Grenndarsamfélag |
|---|---|---|---|
| **Skilgreining MÍ:**<br>Almennur stuðningur vegna náms og líðan nemandans.<br><br>**Skilgreining skv. lögum:**<br>Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur skv. 10. gr. laga nr. 86/2021 um farsæld barna. | **Einstaklingsráðgjöf og sértækur stuðningur í námi, t.d. um námstækni og skipulag náms**<br><br>**Félagslegur stuðningur**<br><br>**Samskipti við forsjáraðila nemenda undir 18 ára ef þurfa þykir**<br><br>**Samskipti við kennara/ stjórnendur** | Umsjónarkennari nýnema á **1. önn og lengur ef þurfa þykir**<br><br>Samráð innan nemendaþjónustu<br><br>Stuðningstímar/vinnustofur<br><br>Tölvuþjónusta<br><br>Bókasafn<br><br>Hjúkrunarfræðingur | |

## 2 Farsældarþjónusta - 2. stig

| Skilgreining | Nemendaþjónusta | Skólaumhverfi | Grenndarsamfélag |
|---|---|---|---|
| **Skilgreining MÍ:**<br>Tímabundin nemendamál sem krefjast stuðnings og inngrips nemendaþjónustu og þverfaglegs samráðs við starfsmenn innan- og utanhúss.<br><br>**Skilgreining skv. lögum:**<br>Einstaklingsbundinn og markviss stuðningur skv. 11. gr. laga nr. 86/2021 um farsæld barna. | Einstaklingsráðgjöf og stuðningur í námi<br><br>Vikuleg samtöl námsráðgjafa og/eða skólahjúkrunarfræðings<br><br>Samtöl við forsjáraðila<br><br>Samskipti við kennara<br><br>Sveigjanleiki í námi varðandi verkefnaskil<br><br>Úrsagnir úr áföngum/létt á námi<br><br>Sértæk úrræði varðandi próftöku<br><br>Félagslegur stuðningur (klúbbar)<br><br>Farsældarþjónusta, tengiliður, málstjóri. | Samráð innan nemendaþjónustu<br><br>Samráð á vikulegum fundum námsráðgjafa og stjórnenda<br><br>Stuðningstímar/vinnutímar<br><br>Skólahjúkrunarfræðingur<br><br>**Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna kynnt nemanda og forsjáraðilum.**<br><br>Málstjóri farsældar | Samþætting þjónustu-sveitarfélög<br><br>Heilbrigðisstofnun Vestfjarða-geðheilsuteymi<br><br>Velferðarsvið sveitarfélaga<br><br>Vesturafl-geðræktarmiðstöð<br><br>Bjarkarhlíð (viðtöl í fjarf. og á Ísaf.)<br><br>Píeta samtökin (viðtöl í fjarf. og á Ísaf.)<br><br>Bergið Headspace (viðtöl í fjarf.)<br><br>Stígamót (viðtöl í fjarf. og á Ísaf.) |

## 3 Farsældarþjónusta - 3. stig

| Skilgreining | Nemendaþjónusta | Skólaumhverfi | Grenndarsamfélag |
|---|---|---|---|
| **Skilgreining MÍ:**<br>Nemendamál alvarlegs eðlis sem krefjast sérhæfðra úrræða<br><br>**Skilgreining skv. lögum:**<br>Einstaklingsbundinn og sérhæfður stuðningur skv. 12. gr. laga nr. 86/2021 um farsæld barna. | Tíð og mikil einstaklingsráðgjöf<br><br>Tíð og/eða skipulögð samskipti við forráðamenn<br><br>Tíð/ítarleg upplýsingagjöf til stjórnenda<br><br>Tíð/ítarleg upplýsingagjöf til starfsfólks<br><br>Formlegur sveigjanleiki í námi varðandi mætingu og nám (samningur)<br><br>Sérfræðiaðstoð (sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, lögregla, Stígamót o.fl.).<br><br>Farsældarþjónusta-tengiliður i skóla, málstjóri farsældar útbýr stuðningsáætlun og stýrir teymi. | Nemendaþjónusta<br><br>Stjórnendur<br><br>Starfsfólk<br><br>Lög um framhaldsskóla<br><br>Skólareglur<br><br>Málstjóri farsældar | Samþætting þjónustu-sveitarfélög<br>Heilbrigðist. Vestfjarða-geðheilsuteymi<br>Velferðarsvið sveitarfélaga<br>Lögregla<br>Barnaverndarþjónusta<br>Vesturafl geðræktarmiðstöð<br>Ráðgjafar – og greiningarstöð<br>Geðheilsumiðstöð barna<br>Barna- og unglingageðdeild (BUGL)<br>Barna- og fjölskyldustofa<br>Stígamót (viðtöl í fjarf.- og á Ísaf.)<br>Bjarkarhlíð (viðtöl í fjarf.- og á Ísaf.)<br>Píeta samtökin (viðtöl í fjarf.- og á Ísaf.)<br>Bergið-Headspace (viðtöl í fjarf.)<br>Foreldrahús<br>Utanaðkomandi sérfræðiaðstoð |

**Tenglar:**

Þjónusta í þágu farsældar barna

Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna